

Héraðsdómstólar

06 210

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|--|----------|
| Skýrsla og áritun stjórnarformanns og framkvæmdastjóra dómstólasýslunnar | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreyymisyfirlit | 5 |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárhheimildaliðum | 6 |
| Skýringar | 7 |

Héraðsdómstólar

Umsjón dómstólasýslan

Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnarformanns og framkvæmdastjóra dómstólasýslunnar

Héraðsdómstólar eru átta samtals og starfa hver á sínu landsvæði. Meginhlutverk héraðsdómstólanna er að tryggja að allir njóti réttlátrar og sanngjarnar málsméðferðar fyrir sjálfstæðum dómstóli.

Starfsemin fellur undir málefnavnið 02 og málauflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 2.145,2 milljónir og afkoma kr. -169,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -63,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 138,8 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Eftir dóm Hæstaréttar 22. desember 2023 í máli nr. 39/2023 kom til greiðslu vegna leiðréttингar launa dómara. Leiðréttинг vegna vangoldinna launa áranna 2022 og 2023 kom til hækkanar launa og launatengdra gjalda ársins 2023 og nam hún samkvæmt útreikningi Fjársýslu ríkisins samtals kr. 114,0 milljónum.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar staðfesta hér með ársreikning héraðsdómstóla fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Sigurður Tómas Magnússon,
stjórnarformaður dómstólasýslunnar

Kristín Haraldsdóttir,
framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar

Yfirlit um afkomu ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|--|------|----------------------|----------------------|
| Tekjur | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 2.132.100.000 | 2.042.900.000 |
| Framlög og ýmsar tekjur | | 0 | 6.079.990 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | <u>13.139.526</u> | <u>14.646.235</u> |
| Tekjur samtals | | 2.145.239.526 | 2.063.626.225 |
| Gjöld | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 3 | 1.965.587.580 | 1.729.752.556 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4 | 335.711.797 | 307.851.369 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | 10.191 | 7.370 |
| Afskriftir og niðurfærslur | 5 | <u>13.139.526</u> | <u>14.646.235</u> |
| Gjöld samtals | | 2.314.449.094 | 2.052.257.530 |
| Afkoma ársins | | (169.209.568) | 11.368.695 |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | Skýr | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|--|------|----------------------------|---------------------------|
| Eignir | | | |
| Handbært fé | 6 | 13.812.479 | 43.674.952 |
| Tengdir aðilar | 7 | 61.270.791 | 212.601.435 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 84.670 | 0 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 8 | <u>63.660.868</u> | <u>58.067.932</u> |
| Eignir samtals | | <u>138.828.808</u> | <u>314.344.319</u> |
| Skuldir | | | |
| Tengdir aðilar | 7 | 3.271.346 | 1.713.155 |
| Viðskiptaskuldir | | 14.074.693 | 31.175.782 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 9 | 119.097.279 | 113.820.798 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 10 | <u>66.155.361</u> | <u>62.194.887</u> |
| Skuldir samtals | | <u>202.598.679</u> | <u>208.904.622</u> |
| Eignir samtals að frádegnum skuldum samtals | | (63.769.871) | 105.439.697 |
| Eigið fé | | | |
| Hrein eign | 11 | <u>(63.769.871)</u> | <u>105.439.697</u> |
| Eigið fé samtals | | <u>(63.769.871)</u> | <u>105.439.697</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>138.828.808</u> | <u>314.344.319</u> |
| Aðrar upplýsingar | 12 | | |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymsyfirlit ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|--------------------------------|---------------|--------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (169.209.568) | 11.368.695 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárvægi: | | | |
| Afskriftir | 5 | 13.139.526 | 14.646.235 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (13.139.526) | (14.646.235) |
| | | (169.209.568) | 11.368.695 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | (84.670) | 0 |
| Tengdir aðilar | | 151.256.373 | 5.387.781 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (11.824.608) | 15.817.140 |
| | | 139.347.095 | 21.204.921 |
| | Handbært fé frá rekstri | | |
| | | (29.862.473) | 32.573.616 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 8 | (18.732.462) | (13.495.024) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 0 | 89.965 |
| | | (18.732.462) | (13.405.059) |
| Fjármögnumnarhreyfingar | | | |
| Tengdir aðilar | | 1.632.462 | 0 |
| Fjárfestingarframlag | | 17.100.000 | 13.405.059 |
| | | 18.732.462 | 13.405.059 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | | |
| Handbært fé í byrjun árs | | (29.862.473) | 32.573.616 |
| | Handbært fé í árslok | | |
| | | 43.674.952 | 11.101.336 |
| | | 13.812.479 | 43.674.952 |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymsyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

| | Fjárveiting til rekstrar | Fjárveiting til fjárfestinga | Samtals |
|--|-----------------------------|---------------------------------|----------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 | 2.055.400.000 | 17.100.000 | 2.072.500.000 |
| Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum | 2.055.400.000 | 17.100.000 | 2.072.500.000 |
| Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda | | | |
| Launabætur | 49.900.000 | 0 | 49.900.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 26.800.000 | 0 | 26.800.000 |
| Fjárveiting ársins | 2.132.100.000 | 17.100.000 | 2.149.200.000 |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) | 105.439.697 | 4.126.955 | 109.566.652 |
| Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu | 2.237.539.697 | 21.226.955 | 2.258.766.652 |
| Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum | (2.301.309.568) | (18.732.462) | (2.320.042.030) |
| Staða fjárveitinga í lok árs 2023 | (63.769.871) | 2.494.493 | (61.275.378) |

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaveignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eigin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Aðrar eignir 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, frh.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsrekning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremmis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppségjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppségjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki talar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

| | 2023 | 2022 | | |
|--|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| 2 Tekjufærsla fjárveitinga | | | | |
| Fjárveiting ársins | 2.132.100.000 | 2.042.900.000 | | |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 13.139.526 | 14.646.235 | | |
| | 2.145.239.526 | 2.057.546.235 | | |
| Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok: | | | | |
| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
| Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 2.055.400.000 | 0 | 0 | 2.055.400.000 |
| Launabætur | 49.900.000 | 0 | 0 | 49.900.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 26.800.000 | 0 | 0 | 26.800.000 |
| Fjárveiting til tekna | 2.132.100.000 | 0 | 0 | 2.132.100.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum . | (2.301.309.568) | 0 | 0 | (2.301.309.568) |
| Staða fjárveitinga ársins í lok árs | (169.209.568) | 0 | 0 | (169.209.568) |
| | 2023 | 2022 | | |
| 3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | | | | |
| Laun | 1.589.008.032 | 1.405.764.583 | | |
| Orlof, breyting | 5.290.581 | (3.920.171) | | |
| Launatengd gjöld | 361.807.834 | 318.813.214 | | |
| Starfsmannakostnaður | 9.481.133 | 9.094.930 | | |
| | 1.965.587.580 | 1.729.752.556 | | |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 89,6 | 89,2 | | |
| 4 Annar rekstrarkostnaður | | | | |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 3.470.814 | 4.281.462 | | |
| Byggingarvörur, almennar | 0 | 21.950 | | |
| Tæki og búnaður til innréttингa | 25.048 | 162.615 | | |
| Ýmis tæki og áhöld | 1.767.308 | 2.706.485 | | |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 0 | 9.003 | | |
| Orkugjafar | 8.590.060 | 7.822.996 | | |
| Matvæli | 20.034.924 | 16.135.859 | | |
| Almennar rekstrarvörur | 3.413.661 | 2.799.392 | | |
| Vöriskaup, almenn | 37.301.815 | 33.939.762 | | |
| Kennslu- og föndurvörur | 4.170 | 19.259 | | |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 492.900 | 21.139 | | |
| Vöriskaup, sérgreind | 497.070 | 40.398 | | |
| Fundir, námskeið, risna | 1.168.372 | 2.925.195 | | |
| Ferðir, upphald | 2.623.472 | 2.994.303 | | |
| Akstur | 2.688.461 | 1.949.972 | | |
| Sérfræðiþjónusta | 21.283.509 | 17.354.922 | | |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 155.783 | 189.704 | | |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 1.374.863 | 1.210.532 | | |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 13.969.349 | 11.298.632 | | |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 43.263.809 | 37.923.260 | | |

Skýringar

| | 2023 | 2022 |
|---|--------------------|--------------------|
| 4 Annar rekstrarkostnaður, (frh.) | | |
| Afnotagjöld | 17.213.154 | 12.984.770 |
| Leigugjöld | 203.447.075 | 189.962.153 |
| Notkun véla og flutningatækja | 181.768 | 169.002 |
| Verkkaup | 29.933.936 | 28.205.610 |
| Kostnaðarhlutdeild | 3.354.736 | 4.087.617 |
| Opinber gjöld | 135.406 | 103.877 |
| Tilfærslur | 383.028 | 434.920 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | <u>254.649.103</u> | <u>235.947.949</u> |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | <u>335.711.797</u> | <u>307.851.369</u> |
| 5 Afskriftir | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 13.099.810 | 14.531.370 |
| Aðrar eignir | 10.218 | 114.865 |
| Sölutap og úreltar eignir | 29.498 | 0 |
| | <u>13.139.526</u> | <u>14.646.235</u> |
| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
| 6 Handbært fé | | |
| Sjóðir | 75.716 | 72.974 |
| Tékkareikningar | 13.488.571 | 40.677.732 |
| Sparisjóðsreikningar | 248.192 | 2.924.246 |
| | <u>13.812.479</u> | <u>43.674.952</u> |
| Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 82,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi. | | |
| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
| 7 Tengdir aðilar | | |
| Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila. | | |
| <i>Kröfur á tengda aðila:</i> | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 31.924.966 | 212.601.435 |
| Aðrir ríkisaðilar | 29.345.825 | 0 |
| | <u>61.270.791</u> | <u>212.601.435</u> |
| <i>Skuldir við tengda aðila:</i> | | |
| Viðskiptareikningur við aðra ríkisaðila | 3.271.346 | 1.713.155 |
| | <u>3.271.346</u> | <u>1.713.155</u> |

Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | | |
|------------------------------|------------------|------------------|
| Áhöld, tæki og búnaður | 63.642.178 | 58.039.024 |
| Aðrar eignir | 18.690 | 28.908 |
| | <hr/> 63.660.868 | <hr/> 58.067.932 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Aðrar eignir | Samtals |
|-----------------------------|---------------------------|--------------|--------------------|
| Staða 01.01.2023 | 145.545.779 | 1.484.329 | 147.030.108 |
| Viðbætur á árinu | 18.732.462 | 0 | 18.732.462 |
| Selt/úrelt á árinu | <hr/> (10.692.794) | 0 | <hr/> (10.692.794) |
| | 153.585.447 | 1.484.329 | 155.069.776 |
| Afskriftir 01.01.2023 | 87.506.755 | 1.455.421 | 88.962.176 |
| Afskrift ársins | 13.099.810 | 10.218 | 13.110.028 |
| Selt/úrelt á árinu | <hr/> (10.663.296) | 0 | <hr/> (10.663.296) |
| | 89.943.269 | 1.465.639 | 91.408.908 |
| Staða 31.12.2023 | <hr/> 63.642.178 | 18.690 | 63.660.868 |

31.12.2023 31.12.2022

9 Ýmsar skammtímaskuldir

| | | |
|---------------------------|-------------------|-------------------|
| Ógreitt orlof | 119.097.279 | 113.806.698 |
| Önnur ógreidd gjöld | 0 | 14.100 |
| | <hr/> 119.097.279 | <hr/> 113.820.798 |

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2023 31.12.2022

| | | |
|---|------------------|------------------|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 63.822.283 | 58.067.932 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) | 2.333.078 | 4.126.955 |
| | <hr/> 66.155.361 | <hr/> 62.194.887 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga- fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|--|---|------------------------------|--------------------------------|
| Staða 01.01.2023 | 58.067.932 | 4.126.955 | 62.194.887 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 17.100.000 | 17.100.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 18.732.462 | <hr/> (18.732.462) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | <hr/> (13.139.526) | 0 | <hr/> (13.139.526) |
| | 63.660.868 | 2.494.493 | 66.155.361 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 13,7 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

Skýringar

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2023 31.12.2022

Hrein eign

| | | |
|----------------------|---------------|-------------|
| Jöfnuður 1.1. | 105.439.697 | 94.071.002 |
| Afkoma ársins | (169.209.568) | 11.368.695 |
| Jöfnuður 31.12. | (63.769.871) | 105.439.697 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í sérfirli með ríkisreikningi.

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur gert ótímbundinn skuldbindandi samning vegna húsaleigu, árleg greiðsla vegna hans nemur kr. 4,7 milljónum.

Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur gert skuldbindandi húsaleigusamning og rekstrarsamning, árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 14,1 milljónum og vegna rekstrarsamnings 2,4 milljónum.

Héraðsdómur Reykjaness hefur gert húsaleigusamning til ársins 2026 og ýmsa þjónustu- og rekstrarsamninga, árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 47,9 milljónum og vegna þjónustu- og rekstrarsamninga kr. 10,6 milljónum.

Héraðsdómur Vestfjarða hefur gertu húsaleigusamning til ársins 2024, árlegar greiðslur vegna hans nema kr. 9,8 milljónum.

Héraðsdómur Vesturlands hefur gert ótímbundinn húsaleigusamning, árleg greiðsla vegna hans nemur kr. 6,5 milljónum.

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur gert ótímbundinn húsaleigusamning við Ríkiseignir, árleg greiðsla vegna hans nemur kr. 97,4 milljónum. Einnig hefur *Héraðsdómur Reykjavíkur* gert nokkra rekstar- og þjónustusamninga árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 29,4 milljónum.

Héraðsdómur Suðurlands hefur gert ótímbundna skuldbindandi samninga um húsaleigu og vegna ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 12,5 milljónum og vegna annarra samninga kr. 4,2 milljónum.

Héraðsdómur Austurlands hefur gert skuldbindandi samning um húsaleigu, árlegar greiðslur vegna hans nema kr. 5,0 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.